Opinber stefnumótun í ferðaþjónustu fram til 2030

Reykjavík: 20. júlí 2019
Tilvísun: Mál nr. S-149/2019

Efni: **Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til 2030**

Alþýðusamband Íslands styður eindregið að lagður verði grunnur að aðgerðabundinni stefnumótun og ákvarðanatöku fyrir ferðaþjónustuna hér á landi til lengri tíma. Um leið bendir Alþýðusambandið á að mikilvægt er að þessi stefnumótun og ákvarðanataka þarf að vera hluti af stefnumótun fyrir íslenskt atvinnulíf í heild, með samþættingu atvinnu-, mennta- og vinnumarkaðsstefnu. Af hálfu ASÍ hefur í þessu samhengi verði sett fram tillaga að mótun hæfnistefnu fyrir Ísland, með hliðstæðum hætti og gert hefur verið í nágrannalöndum okkar.

Alþýðusambandið dregur ekki í efa að í þeirri vinnu sem unnin hefur verið varðandi framtíðarsýn og leiðarljós og nú er kynnt er margt gagnlegt og gott. Það er hins vegar nokkrum vandkvæðum bundið að átta sig á þeirri vinnu og hvað þar býr að baki, þar sem það skjal (slæðukynning) sem liggur í Samráðsgáttinni segir aðeins takmarkaða sögu.

Alþýðusambandið gagnrýnir hins vegar harðlega að samtökum launafólks, sem eru fulltrúi þeirra sem starfa í greininni, hefur hvorki verið boðin bein aðkoma að stefnumótunarvinnunni eða verið haft samráð við þau í þessari vinnu.

Framangreind staðreyndi endurspeglar að hvergi er vikið að hagsmunum er varða kjör, aðbúnað og menntun þeirra sem starfa við ferðaþjónustu. Engin tilraun gerð til að greina þann vanda sem greinin er að glíma við í þeim efnum og hvaða markmið eigi að setja; þ.e. að ferðaþjónustan sé heilbrigð atvinnugrein þar sem starfsmenn búa við góð kjör og starfsskilyrði og starfsskilyrði, fái þekkingu sína og menntun viðurkennda og hafi tækifæri til að sækja sér frekari menntunar.

- Alþýðusambandið leggur ríka áherslu á að stefnumótunin fyrir ferðaþjónustuna nái til allra starfsmanna sem þar starfa, hvort sem um er að ræða hótel,- gistihús, veitingaþjónustu eða afþreyingarfyrirtæki í ferðaþjónustu til að tryggja heilbrigðan vinnumarkað.
- Fagmennska, gæði og öryggi á að einkenna íslenska ferðaþjónustu. Þessi atriði þarf einnig að tryggja gagnvart starfsfólki sem vinnur við ferðaþjónustu.
- Ferðaþjónusta getur aldrei talist ábyrg ferðaþjónusta nema þáttur starfsfólks sé tryggður í samræmi við réttindi og skyldur launafólks og atvinnurekenda með vísan til laga og kjarasamninga um laun og önnur starfskjör og laga um aðbúnað og hollustuhætti.
- Samfélagslega ábyrg fyrirtæki í ferðaþjónustu axla ábyrgð á þeim afleiðingum sem rekstur þeirra hefur á samfélagið.
- Slíkt eykur ávining heimamanna, ferðamenn upplifa einstaka þjónustu, sem leiðir af sér aukna framleiðni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni um allt land.
- Leggja þarf áherslu á vitundarvakningu í ferðaþjónustusamfélaginu og hefja samtal um að aðgerða sé þörf, því það tapa allir á undirboðum og svartri atvinnustarfsemi í greininni nema svindlararnir.
- Áhersla verði lögð á ábyrga stýringu ferðaþjónustunnar með aðgerðarbundinni stefnumótun í ferðaþjónustu sem verði innleidd sem fyrst og að aðgerðaráætlun verði hrint í framkvæmd.

Alþýðusamband Íslands krefst þess að stefnumótun fyrir ferðaþjónustuna taki mið af framangreindu. Jafnframt að Alþýðusamband Íslands, fái fyrir hönd launafólk aðild að þeirri stefnumótunarvinnu aðgerðum sem framundar eru.

Greinargerð
Hér á eftir eru dregin fram nokkur meginatriði sem varða framtíðarsýn og marka leiðarljós í ferðaþjónustu, eins og þau horfa við Alþýðusambandinu.

1. Forsendur og meginmarkmið
Á undanförnum árum hefur umfang ferðaþjónustu og fjöldi ferðamanna á Íslandi vaxið margfalt. Ferðaþjónusta er nú ein af stærri atvinnugreinum landsins. Slíkt hefur kallað á mikla aukningu starfsmanna í greininni. Vöxtur ferðaþjónustunnar hefur verið með þeim hætti að íslenskt launafólk hefur engan veginn annað eftirspurninni. Þessu hafa ferðaþjónustufyrirtæki mætt með því að ráða til sín erlent launafólk sem að stórum hluta hefur staðið undir vextinum í ferðaþjónustunni og hagvexti síðustu ára.

Það er grundvallarregla á íslenskum vinnumarkaði að launafólk skuli njóta launa og annarra starfskjara í samræmi við kjarasamninga og lög hér á landi, óháð þjóðerni starfsmanna eða þeirra fyrirtækja sem þeir starfa fyrir, þ.m.t. erlendra þjónustufyrirtækja að meðtöldum starfsmannaleigum.

2. Brotastarfsemi í ferðaþjónustu
Á síðustu misserum og árum hafa undirboð og tengd brotastarfsemi farið vaxandi á íslenskum vinnumarkaði. Samkvæmt úttekt og greiningu Alþýðusambands Íslands eru flest alvarlegustu brotin, sem framin eru gagnvart launafólki á íslenskum vinnumarkaði, tengd íslenskum ferðaþjónustufyrirtækjum. Þá hafa erlend þjónustufyrirtæki sem koma tímabundið með starfsmenn hingað til lands t.d. til að sinna leiðsögn og akstri rútubíla ítrekað orðið uppvís að margvíslegum brotum.

Almennt má segja að fyrirtæki í ferðaþjónustu hafi takmarkaða þekkingu á réttindum starfsfólks á vinnumarkaði t.d. skortir verulega á gerð ráðningasamninga, eftir hvaða kjarasamningum skal greiða o.s.frv. Þá gildir um mörg þessara fyrirtækja að þau halda starfsmönnum sínum frá upplýsingum um laun og önnur starfskjör sem hér gilda. Algengustu brotin eru að laun og önnur starfskjör eru oft langt undir íslenskum kjarasamningum, yfirvinna ekki greidd og réttindi starfsmanna eru ekki virt hvað varðar orlof, veikindi og slys. Hér er vert að hafa í huga að starfsmenn eiga að lágmarki að njóta launa og annarra starfskjara skv. kjarasamningum. Í mörgum tilfellum er einnig um svarta vinnu og/eða sjálfboðavinnu að ræða og því ekki greiddir skattar né gjöld af launum. Starfsfólk er ótryggt og óvarið. Þá ber einnig að geta þess að oft útvegar atvinnurekandi starfsfólki íbúðarhúsnæði sem er með öllu óásættanlegt. Í mörgum tilfellum er alið á ótta starfsmannanna við að sækja rétt sinn og hótanir um brottrekstur ef sagt sé frá. Í alvarlegustu tilfellunum má fullyrða að þessi fyrirtæki stundi brotastarfsemi sem jaðra við eða er vinnumansal. Slíkt er með öllu ólíðandi í íslensku samfélagi og ber að stöðva með öllum ráðum.

Í framangreindu ljósi er mikilvægt að árétta það markmið og þá framtíðarsýn að réttindi starfsmanna séu í öllum tilfellum tryggð og þeim framfylgt og að sköpuð verði skilyrði til fá betri yfirsýn yfir starfsemi fyrirtækjanna og starfandi einstaklinga þar.

3. Samkeppnissjónarmið
Mikilvægt er að benda á að það eru sameiginlegir hagsmunir atvinnurekanda, launafólks og hins opinbera að stöðva félagsleg undirboð og brotastarfsemi þeirra ferðaþjónustuaðila sem ekki fylgja lögum og reglum.
Markmið fyrirmyndarfyrirtækja í ferðaþjónustu á að vera að tryggja að laun og önnur starfskjör starfsmanna (innlendra sem erlendra) séu í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og kjarasamninga sem gilda á vinnumarkaði hér á landi.

Fyrirtæki í ferðaþjónustu eiga að hugsa rekstur sinn frá upphafi út frá hugmyndum um samfélagsábyrgð, ábyrgrar ferðaþjónustu og sjálfbærni.
Stefna og markmið ferðaþjónustuaðila sé ábyrgð og fyrirmynd í ferðaþjónustu og taka þannig samkeppnisforskot á aðra ferðaþjónustuaðila þar sem ferðamenn velji frekar ábyrg fyrirtæki fram yfir önnur ef verðmunur er ekki til staðar.

Það er á allan hátt óeðlilegt og óverjandi að sum ferðaþjónustufyrirtæki byggi samkeppnisforskot sitt á því að greiða hvorki skatta né gjöld í sameiginlega samfélagssjóði.

Starfsemi af þessu tagi grefur undan velferðarkerfinu, heilbrigðiskerfinu og menntakerfinu, því tekjur sem eiga að standa undir rekstri þeirra skila sér ekki. Þá er grafið undan samkeppnisstöðu heilbrigðra fyrirtækja og grafið er undan áralangri baráttu fyrir bættum kjörum á vinnumarkaði.

Tekjumissir ríkisins í formi skattataps sem verður til við launaþjófnað skipir að mati ASÍ miljörðum á hverju ári.

Að lokum
Alþýðusamband Íslands styður eindregið markmið um að móta grunn að aðgerðabundinni stefnumótun og ákvarðanatöku fyrir ferðaþjónustuna til lengri tíma en krefst þess að stefnumótun fyrir ferðaþjónustu taki mið af framangreindu og jafnframt að heildarsamtök launafólks,Alþýðusamband Íslands, fá aðild að þeirri stefnumótunarvinnu sem framundan er til að tryggja hagsmuni launafólks í þeirri vinnu.

Virðingarfyllst,
Drífa Snædal,
forseti Alþýðusambands Íslands